

ÍÞRG1KN02

Búið til: Sun, 19 Apr 2015 15:40:11 GMT

Titill

Knattspyrna

Skammstöfun

ÍÞRG1KN02

Útgáfunúmer

13

Námsgrein

Íþróttagrein

Viðfangsefni

knattspyrna

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

1

Einingafjöldi

2

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Viðfangsefni áfangans er knattspyrna og áfanginn er að mestu verklegur þar sem áherslan er á knattspyrnu fyrir byrjendur upp að 16 ára aldri. Í áfanganum verður farið í grunnatriði greinarinnar og nemendur þjálfá ýmis grunntækniatriði s.s. knattmeðferð, knattrak, sendingar, skot og gabbhreyfingar. Efni tengt viðfangsefninu verður sett á kennsluvef og nemendur vinna fjölbreytt verkefni, bæði verkleg og bókleg, ýmist einir eða í hóp undir leiðsögn kennara.

Forkröfur

Engar

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helstu þjálfunaraðferðum greinarinnar
- grunnatriðum og reglum greinarinnar
- mismunandi hlutverkum leikmanna

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- stunda knattspyrnu, spila mismunandi stöður og fylgja leikreglunum
- framkvæma upphitun og aðrar æfingar til að bæta getu sína í greininni

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- spila knattspyrnu eftir leikreglum
- geta horft á knattspyrnuleik og skilið leikinn
- geta tekið þátt í umræðum um knattspyrnu

Námsmat

Í áfanganum er viðhaft leiðsagnarmat með símati alla önnina. Öll verkefni gilda til einkunnar. Nemendur þurfa að uppfylla skilyrði um mætingu og virkni í tímum. Áfanginn er metinn út frá verkefnaskilum, mætingu, virkni, færni og áhuga.

Skólar

Fyrirmynd